

um breytingu á lögum nr. 47, 16. apríl 1971, um náttúruvernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79)

1. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Náttúruverndarráð hefur umsjón með því, að sumarbústöðum sé valinn staður og frágangi hagað þannig að samræmist 1. gr. laganna.

Sumarbústaður telst hver sú bygging, sem reist er til að búa í að sumri til og dveljast þar endrum og eins á öðrum tímum, t. d. um helgar, sbr. og 5. mgr. þessarar greinar.

Sumarbústað má reisa, þar sem slíkt er sýnt á staðfestu skipulagi, og fer þá um leyfi til slíks samkvæmt byggingarreglugerð, sbr. þó 5. mgr.

Nú er ekki fyrir hendi staðfest skipulag sveitarfélags eða hluta þess, og má þá ekki reisa þar sumarbústað nema þar sem hlutaðeigandi náttúruverndarnefnd heimililar. Náttúruverndarráð má þó velja sérstakan trúnaðarmann búsettan á ákveðnu svæði (landshluta) og getur veitt honum umboð til að veita slíkt leyfi og skal það jafnan vera skriflegt. Ef ágreiningur ris um leyfi samkvæmt þessari málsgrein, sker Menntamálaráðuneytið úr.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að setja reglugerð um sumarbústaði, svo og veiðihús, fjallaskála, hjólhýsi og aðrar slíkar vistarverur að því leyti, sem við getur átt samkvæmt þessari grein og skal þar mælt fyrir um þá þætti, sem nauðsynlegir þykja umfram það, sem segir í byggingarreglugerð og heilbrigðisreglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan Náttúruverndarráðs og er efnislega í samræmi við tillögur þess, en orðalagi verið lítillega breytt.

Svohljóðandi greinargerð fylgir frá Náttúruverndarráði:

Hugmynd um bein afskipti Náttúruverndarráðs af sumarbústöðum virðist fyrst koma fram í frv. því að núgildandi náttúruverndarlögum, sem lagt var fyrir Alþingi 1969—1970. Ákvæði um þetta efni verður með lítilsháttar viðaukum að lögum, þ. e. 21. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

Samkvæmt þessu ákvæði eru afskipti ráðsins af sumarbústaðabyggð fyrst og fremst miðuð við sveitarfélög, sem ekki eru skipulagsskyld. Hér virðist því það hefðbundna sjónarmið ríkjandi, að skipulagsstarf sé nánast einskorðað við þéttbýli, svo hefur líka verið í raun. Skipulagslögin nr. 19/1964 gera þó ráð fyrir, að sveitarfélög í strjálbýli geti orðið skipulagsskyld. Hafa allmargar sveitarstjórnir í strjálbýli óskað eftir skipulagsskyldu, og á hana verið fallist. Sú skoðun er líka orðin nokkuð viðurkennd, að sist minni þörf sé á skipulagningu í strjálbýli en þéttbýli, þótt með öðrum hætti sé að vissu marki. Löggjafinn hefur líka viðurkennt þetta í raun með setningu laga nr. 31/1978. Þar er skrefið stigið til fulls og ákveðið, að frá og með 1. janúar 1979 séu öll sveitarfélög landsins skipulagsskyld.

Með þessum lögum verða ákvæði 21. gr. náttúruverndarlaga í raun óvirk og mjög óljóst, hver réttarstaða Náttúruverndarráðs gagnvart sumarbústaðabyggð verður að öllu óbreyttu.

Hér þykir þörf á að taka af öll tvímæli. Að sjálfsgöðu verður að því stefnt, að öll bygging sumarbústaða eins og önnur byggð geti fram farið samkvæmt staðfestu skipulagi. En það má ljóst verða að slíkt á langt í land, og ætla má, að ýmis þau

svæði, sem eftirsóknarverðust þykja til byggingar sumarbústaða, verði tæplega forgangsverkefni skipulagsyfirvalda, enda verkefni framundan geysimikil.

Nauðsynlegt er hinsvegar, að unnt sé að koma til móts við óskir almennings um leyfi til byggingar sumarbústaða, þó þannig, að náttúruverndarsjónarmiða verði gætt.

Aðalreglan samkvæmt frumvarpinu er, eins og áður er bent á, sú að í skipulagi verði sýnt, hvar sumarbústaði megi reisa, en þar sem það er ekki fyrir hendi, verði ákvörðunarvaldið um staðsetningu hjá yfirvöldum náttúruverndarmála, eins og nánar er lýst í greininni.

Það er vitað mál, að náttúruverndarnefndir eru misjafnlega athafnasamar og því þykir rétt að Náttúruverndarráð geti tilnefnt trúnaðarmann til að fara með umboð sitt í þessum málum. Með því ynnist það, ef umdæmi trúnaðarmanns væri nokkuð viðáttumikið, að meiri trygging ætti að vera fyrir samræmi í afgreiðslum.

Ætla verður að varla sé hægt að hafa einfaldara og kostnaðarminna stjórnkerfi á þýðingarmiklu sviði en hér er lagt til.

Að öðru leyti virðist greinin varla þurfa skýringar við, enda er hún í samræmi við markmið núgildandi greinar eins og því er lýst í frv. frá 1969—1970.“